

Rangárþing ytra
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 21. mars 2019
Tilvísun: 201902089 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir gerð deiliskipulags Vesturhlíðar í landi Haga, Rangárþing ytra

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 26. febrúar 2019, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin varðar tillögu að deiliskipulagi Vesturhlíðar í landi Haga.

Lýsingin er dagsett 5. febrúar 2019 og samanstendur af greinargerð og skýringarmyndum.

Í endurskoðuðu Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 er landnotkun svæðisins landbúnaður, verslun- og þjónusta (VP32) og frístundasvæði (F80). Um er að ræða ný stofnaða jörð L 98458 sem er 71,6 ha.

Samkvæmt lýsingunni er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag sem felur í sér uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri hestamennsku, reist verður íbúðarhús, skemma ásamt reiðhöll. Jafnframt er gert ráð fyrir stórum útleiguhúsum í ferðaþjónustu, tjaldsvæði fyrir skipulagða hópa ásamt þremur svæðum fyrir frístundabyggð.

Gerð er grein fyrir skipulagsferli, kynningu og samráði.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri fullnægjandi grein fyrir skipulagsáformum.


Umsteinn Gíslason

